



**Fundargerð
28. aðalfundar
Sorpstöðvar Suðurlands
haldinn 15. október 2009
á Hornafirði**

1. Setning

Örn Þórðarson, formaður, setti fundinn og bauð hluthafa velkomna.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefndi þau Árna Þorvaldsson og Reyni Arnarson sem fundarstjóra og Hjalta Þór Vignisson sem fundarritara og var það samþykkt samhljóða.

3. Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Lögð var fram svohljóðandi tillaga:

Aðalmenn

Gunnar Þorgeirsson

Aldís Hafsteinsdóttir

Gunnlaugur Grettisson

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Gylfi Þorkelsson

Jóna Sigurbjartsdóttir

Reynir Arnarson

Grímsnes- og Grafningshreppi

Hveragerðisbæ

Vestmannaeyjabæ

Rangárþingi ytra

Sveitarfélaginu Árborg

Skaftárhreppi

Sveitarfélaginu Hornafirði

Varamenn

Margeir Ingólfsson

Páll Stefánsson

Páll Scheving

Kristín Aradóttir

Margrét Katrín Erlingsdóttir

Þórhildur Jónsdóttir

Bláskógabyggð

Sveitarfélaginu Ölfusi

Vestmannaeyjabæ

Rangárþingi eystra

Sveitarfélaginu Árborg

Mýrdalshreppi

Var tillagan samþykkt samhljóða og tók nefndin þegar til starfa.

4. Skýrsla stjórnar

Í máli formanns kom fram að síðasta ár hefur verið annasamt og viðburðaríkt. Sagði hann að meiri erfiðleikar hafi mætt stjórninni en var fyrir séð fyrir ári síðan. Greindi hann frá því að 14 fundir hafi verið haldnir á árinu. Þakkaði hann bæði stjórn og framkvæmdastjóra fyrir samstarfið og framlag þeirra. Ræddi hann um þau ákvæði laga er lúta að því að draga úr urðun og leita eftir nýjum lausnum í samvinnu allra er eiga aðild að SOS. Sagði hann að kjötmjölsverksmiðjan gangi nú betur en áður. Greindi hann frá því að erindi hafi verið sent Sveitarfélaginu Ölfusi um að urða áfram í Kirkjuferjuháleigu en þeim málaleitunum var hafnað. Þá greindi hann frá því að unnið hafi verið með þróun framtíðarsýnar í málaflokknum. Í þeirri vinnu er horft á að finna nýjan urðunarstað á Suðurlandi en meginviðfangsefni er að draga úr urðun og lækka kostnað í málaflokknum. Að lokum þakkaði formaður fyrir traust sem honum og stjórninni var sýnt á liðnu ári. Þá þakkaði hann starfsmönnum á Kirkjuferjuháleigu kærlega fyrir vel unnin störf en þeir hætta störfum þann 1. desember þegar hætt verður að urða þar.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, framkvæmdastjóri, flutti árskýrslu. Sagði hann að afkoma síðasta árs hafi verið góð og eiginfjárstaða félagsins sé sterkt. Þar greindi hann frá því helsta í starfseminni á síðasta ári. Einnig greindi hann frá einstökum verkefnum, s.s. metanverkefni og Förgun ehf.

6. Lögmæti fundarins skv. niðurstöðu kjörbréfanefndar

Gunnar Þorgeirsson, formaður kjörbréfa- og kjörnefndar kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir kjörbréfum. Alls voru 9 kjörnir fulltrúar. Gild kjörbréf eru fyrir 9 aðalfulltrúa og eru þeir allir mættir. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

7. Afgreiðslumál

i) Endurskoðaðir reikningar

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, framkvæmdastjóri, kynnti ársreikning fyrir árið 2008.

ii) Tillaga að fjárhagsáætlun

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, framkvæmdastjóri, kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2010.

iii) Tillaga að gjaldskrá

Lögð fram eftirfarandi tillaga að gjaldskrá:

Samkvæmt samkomulagi Sorpstöðvar Suðurlands við SORPU bs. þá gildir gjaldskrá í móttökustöð SORPU Gufunesi fyrir sorp og endurvinnanlegan úrgang.

Umsýslugjald Sorpstöðvar Suðurlands er eftirfarandi:

Gjald lagt á blandaðan úrgang í flokki 101	1,4 kr/kg.
Gjald lagt á grófan úrgang í flokki 250	1,4 kr/kg.

Gildir frá 1. desember 2009

Allar tölur eru án 24,5 % virðisaukaskatts.

Gjaldskráin tekur gildi frá og með 1. desember 2009

Tillaga að gjaldskrá lögð fyrir aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands bs. 15. október 2009.

Tillagan lögð fyrir stjórnarfund 25. september 2009 og samþykkt.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Til máls tóku Aldís Hafsteinsdóttir, Ari Thorarensen, Ingvar Ingvarsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Stefánsson, Örn Þórðarson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Valtýr Valtýsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Gunnar Örn Marteinsson, Þorgils Torfi Jónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Margrét Sigurðardóttir og Ragnheiður Hergeirsdóttir

Fundarstjóri bar fram endurskoðaða ársreikninga til samþykktar.
Ársreikningar samþykktir samhljóða.

v) Tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum

Eftirfarandi tillögur lagðar fram:

Örn Þórðarson las upp eftirfarandi tillögu:

Fyrir fundinum liggja tvær tillögur til afgreiðslu, tillögur um framtíðarskipan úrgangsmála á Suðurlandi 2009-2020. Í ljósi þess hversu mikilvægt er talið að viðtæk og góð sátt náist um málið á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands, er það tillaga undirritaðra, að afgreiðsla tillagnanna, lið 7 verði frestað. Jafnframt að sveitarstjórum á starfssvæðum Sorpstöðvar Suðurlands verði falið að móta nýjar tillögur um framtíðarskipan úrgangsmála sunnlendinga, í góðri og viðtækri sátt, með hagsmuni notenda þjónustunnar að leiðarljósi, og leggja hana fram á framhaldsaðalfundi Sorpstöðvarinnar, sem haldinn yrði eigi síðar en 20. nóvember 2009.

Örn Þórðarson og Aldís Hafsteinsdóttir

Hornafirði, 15. október 2009

Fundarstjóri bar tillöguna upp til atkvæðagreiðslu.

Samþykkt samhljóða.

Aldís Hafsteinsdóttir lagði til að ákvörðun um afgreiðslu fjárhagsáætlunar verði frestað sem er svohljóðandi:

Fundurinn samþykkir að fresta afgreiðslu fjárhagsáætlunar til fyrirhugaðs aukaáðalfundar sem halda á eigi síðar en 20. nóvember.

Fundarstjóri bar tillögu um frestun á afgreiðslu fjárhagsáætlunar upp til atkvæðagreiðslu.

Tillagan samþykkt með sex atkvæðum.

8. Almennar umræður

Engin kvaddi sér hljóðs.

9. Kosningar

i) Kosning 3 fulltrúa í stjórn SOS og 3 varamanna

Frestað til aukaáðalfundar.

ii) Kosning 2 skoðunarmanna ársreikninga og 2 varamanna

Frestað til aukaáðalfundar.

10. Erindi

Halldór Hermannsson flutti erindi um nýtt fyrirkomulag sorphirðu í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi.

Guðmundur Tryggvi Ólafsson frestaði fundi kl 17.40